

**Sp.**

**502. Tillaga til þingsályktunar**

[242. mál]

um skiptingu Byggingarsjóðs ríkisins eftir kjördæmum.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því hvort ekki sé timabært og réttmætt að breyta lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 1970, þannig að árlegum lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins verði, a. m. k. að hluta, skipt á milli kjördæma samkv. ákvörðun Alþingis, svo sem gert er með Vegasjóð.

**Greinargerð.**

Undanfarin ár hefur þróunin orðið sú að mestur hluti nýrra íbúðarhúsa hefur risið á höfuðborgarsvæðinu. Þessi þróun tók stökk með samningum ríkisins og verkafélshreyfingarinnar um framkvæmdir í Breiðholti. Þessar framkvæmdir voru fjármagnaðar að verulegu leyti af Byggingarsjóði ríkisins. Byggingarsjóði var gert að skyldu að greiða 80% af kostnaði við 1000 íbúðir á móti 20% frá kaupanda, og við leiguíbúðirnar 250 þurfti Reykjavíkurborg einungis að greiða 20% og reiknaði gatnagerðargjöldin upp í það. Byggingarsjóður varð að taka á sig þessar skyldur án þess að honum væri útvegað aukafjármagn í þessu skyni, og kom það að sjálfsgöðu niður á þjónustu við einstaklinga og byggingarfélag. Einkum var þetta áberandi á landsbyggðinni þar sem þjóðfélagsþróunin hefur verið sú, að fólki hefur þótt öruggara að festa fé sitt í íbúðarhúsnæði á Reykjavíkarsvæðinu en annars staðar á landinu, hvað þá að geyma það í bönkum.

Þegar byggðastefnan ruddi sér til rúms voru sett lög um byggingu 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga í dreifbýli, nr. 58 frá 1973, en þessar 1000 leiguíbúðir var heimilað að reisa á næstu 5 árum, þ. e. a. s. 1974, 1975, 1976, 1977 og 1978. Lögin voru þannig orðuð að heimilt væri að lána 80% í stað þess að í reglugerðinni um Breiðholtsíbúðirnar sagði: „skylt er að lána 80%“.

Ekki var Byggingarsjóði útvegað aukafjármagn vegna leiguíbúðaframkvæmdanna fremur en vegna Breiðholtsframkvæmdanna. Leiguíbúðirnar hafa vegna orðalags reglugerðar ekki orðið forgangsframkvæmdir, svo sem var um Breiðholtsframkvæmdir, heldur verið látnar sitja á hakanum.

Árin 1974 og 1975 voru samþykkt lán vegna byggingar um 200 leiguíbúða og sveitarfélögunum auk þess heimilað að hefja byggingu 81 íbúðar á eigin kostnað án þess að gefin væru fyrirheit um greiðslu eða greiðslufyrirkomulag á hluta ríkisins. Hinn 1. apríl 1976 var búið að samþykkja lán vegna byggingar 73 af þessari 81 íbúð, en þá voru óafgreiddar 393 umsóknir frá fyrra ári um leiguíbúðir. Fyrirheitin um leiguíbúðirnar 1000 munu hafa haft það í för með sér að heldur hefur dregið úr fjölda umsókna einstaklinga í dreifbýlinu um íbúðalán á meðan umsóknum af höfuðborgarsvæðinu fjölgar stöðugt. Þetta er ískyggileg þróun. Húsnæðismálastofnunin úthlutaði seint í mars 2. hluta lána til þeirra sem fengu byrjunarlán 1. sept. 1975. Úthlutað var 139 milljónum 670 þúsundum, þar af fóru til íbúða í Reykjavík og á Reykjanesi 123 millj. 760 þús., en í hlut allra annarra landsmanna komu aðeins 15 milljónir 910 þúsundir. Þessa þróun verður að stöðva. Flm. telur að eðlilegt sé að Alþingi láti þetta mál til sín taka og hafi hönd í bagga með skiptingu fjármagnsins eftir kjördæmum. Jafnframt virðist það vel geta komið til greina að veita hærri lán til bygginga á þeim landssvæðum þar sem sannanlega er dýrara að byggja, bæði vegna veðráttu og flutningskostnaðar og annarra orsaka. Einnig getur þetta orðið nauðsynlegur þáttur í byggðastefnu.